

28. september 2021



Íslenskukennsla fyrir fullorðna einstaklinga með annað móðurmál en íslensku

Stjórnarráð Íslands

Mennta- og menningarmálaráðuneytið



Grunngildi og regluverk

Menntun fyrir alla - óháð búsetu, kyni, efnahag og þjóðerni.

Varðar aðgengi að gæðanámi við hæfi sem er viðurkennt og hagnýtt.

Innflytjendum hefur fjölgað undanfarið og telja nú um 14% af mannfjölda.

Íslenska er opinbert mál á Íslandi og ýmis réttindi fullorðinna tengjast tungumálakunnáttu (ríkisborgararéttur, dvalarleyfi, starf).

Fullorðnir geta lært íslensku sem annað mál eftir fjölbreyttum leiðum.

Ekki er kveðið skýrt á um íslenskukennslu útlendinga í lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.




Hvar er hægt að stunda íslensku sem annað mál?


- Í framhaldsskólum.
- Í háskólum.
- Í aðfararnámi.
- **Rannís-styrkir** til fræðsluaðila til að kenna fullorðnum innflytjendum íslensku.
- Innan framhaldsfræðslu s.s. með túlkastuðningi eða að aðlaga starfstengda vottaða námskrá.
- Á vinnustað s.s. með aðkomu starfsmenntasjóða.




441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra




452 Fræðslu- og símenntunarstöðvar




461 Íslenskukennsla fyrir útlendinga




462 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins




463 Fræðslusjóður



464 Styrkir til framhaldsfræðslu



Útgjalda- þróun



Fjárlög:

Grunnstyrkur til tveggja
símenntunarmiðstöða er
greiddur alfarið af háskólalið.



Rannís styrkir: Staðan í dag

- Kennt er skv. námskrám frá 2008 og 2011 sem eru tengdar við evrópskan tungumálaramma (60 kst).
- Í ár voru 145 m.kr. veittar til 17 viðurkenndra fræðsluaðila. Sótt var um 475 m.kr.
- „Viðurkenning“ felur í sér gæðakerfi.
- Rannís heldur utan um uppgjörstölur.
- Skýrsla HA og HÍ um viðhorf notenda.
- Óskað hefur verið eftir meira fjármagni.
- Verið er að skoða hvernig fjármagnið nýtist og hvaðan það kemur.
- Áhersla á íslenskukennslu innan Nám er tækifæri (NET) og aukið fjármagn sett inn í Fræðslusjóð sl. vor.



Áherslur MRN og stefnur

Fjármálaáætlun til fimm ára: lykilmælikvarðar og verkefni: a) að bæta umgjörð m.t.t. skýrleika, gæða og fjármögnunar og b) hæfnimat.

Menntastefna til 2030 og aðgerðaáætlun næstu þrjú ár. Endurspeglar fyrri stefnur og áherslur:

-Þingsályktun um íslensku sem opinbert mál „Áfram íslenska“ (2019).

-Drög að stefnu: Menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn (2020).

Menntarannsóknasjóður – umsóknir til 1. okt.

Þjónusta sem byggir á lögum um framhaldsfræðslu s.s. náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat, vottaðar námskrár og þróunarverkefni.



Áskoranir í íslenskukennslu fyrir fullorðna einstaklinga með annað móðurmál en íslensku

Skýrari yfirsýn yfir framkvæmd og árangur.
Samfella og stígandi í námi.

Meiri tengingu við evrópskan tungumálaramma (skýr hæfniviðmið).

Hvetja til fjölbreyttra kennsluaðferða s.s.
Starfstengt íslensku-/tungumálanám,
starfsfóstrastuðningur og aðgengi að íslensku
málumhverfi.

Netnám og blandað nám, rafrænt kennsluefni og
öpp. Hvaða námsgagnagerð er í gangi?

Samræmt (rafrænt) stöðumat í íslensku.

Hvernig flæðir opinbert fé inn í kerfið?

Vitundarvakning um mikilvægi (allir eru
íslenskukennarar).

Norrænn lærdómsvettvangur um sameiginlegar
og aðkallandi áskoranir.

Kennaramenntun: áhersla á fjölbreytileika.